

VIÐBÓT VIÐ MINNISBLAÐ DAGS. 8. FEBRÚAR 2018 - HÁLFUR LÍFEYRIR

Undirhópur réttindanefndar vann að rýni á atriðum sem huga þarf að vegna innleiðingar á hálfum lífeyri. Hópurinn skilaði minnisblaði þann 8. febrúar og í kjölfar þess var haldinn fundur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu þann 16. febrúar. Fundinum var einkum ætlað að tryggja að samþykktabreytingar kæmu til með að ganga hratt og örugglega fyrir sig og sátu fundinn auk fulltrúar LL og ráðuneytisins fulltrúar frá FME.

Nú þegar hefur Lífeyrissjóður verzlunarmanna sent ráðuneytinu tillögur sínar að samþykktabreytingum til rýni og fá LL að fylgjast með framvindu þess og mun upplýsa sjóðina jafnharðan.

Á fyrrgreindum fundi var m.a. rætt um:

- Hvort æskilegra væri að styðjast við orðalagið „hálfur lífeyrir“ í stað „ellilífeyris í 50% hlutfalli“. (*virðist nánast smekksatriði*).
- Breyta þarf ákvæði í samþykktum þar sem rætt er um frestun á töku lífeyris og tiltaka þar að heimilt sé að fresta töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs. (*Er tilgreint í minnisblaðinu frá 8. febr.*)
- Ekki væri þörf á að tilgreina tryggingastærðfræðing „sjóðsins“.
- Gildistaka samþykktabreytinga. Vor eða haust?!

Á stjórnarfundi LL sem haldinn var þann 20. febrúar sl. var staða málsins kynnt og þar m.a. rætt sérstaklega um gildistökuna. Samhljómur var meðal stjórnarmanna að æskilegra væri að gildistakan yrði í haust, þ.e. 1. september, þar sem einhverjir sjóðir kunna að halda sína aðalfundi í júní.

Með vísan í ofangreint yrði breyting á þeim tillögum að samþykktabreytingum sem fram koma í minnisblaði starfshópsins frá 8. febrúar á eftirfarandi veg:

Sjóðfélagi sem orðinn er [67] ára getur frestað töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris skv. töflu [##] í viðauka fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Sjóðfélagi [sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum] getur ákveðið að hefja töku hálfes ellilífeyris hvenær sem er eftir að [60] ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. grein [x.x]. Ákvæði [y.y] skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir [67] ára aldur. Ákvæði [z.z] skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að [67] ára aldri er náð.

x.x: Vísað í grein samþykktá sem fjallar um að réttur til örorkulífeyris falli niður frá því að greiðsla ellilífeyris hefist.

y.y: Vísað í grein samþykktá sem fjallar um flýtingu á töku lífeyris og lækkun áunnins lífeyris (flýkkunarstuðlar).

z.z: Vísað í grein samþykktá sem fjallar um frestun á töku lífeyris og hækkun áunnins lífeyris (frestunarstuðlar).

Bráðabrigðaákvæði með smávægilegum breytingartillögum frá minnisblaðinu 8. febrúar:

Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæða [y.y] og [z.z] í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða y.y og z.z. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði [x.x].

Eins og fyrr greinir munu LL upplýsa um framgang málsins eftir því sem þurfa þykir.